

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar
Sögusvæði



Margar hendur vinna létt verk

Skýrsla svæðisstjóra Sögusvæðis til umdæmisstjórnarfundar 26 nóv 2011

Starf mitt sem svæðisstjóri hófst með stjórnarskiftum í Ölver 17 sept en þar aðstoðaði ég Gísli Valtýsson þáverandi svæðisstjóra við stjórnarskiftin, en þar sem ég var ekki formlega tekinn við sem svæðisstjóri, sá hann um þá athöfn.

Þann 28 sept voru sameiginleg stjórnarskifti í Mosfelli og í Búrfelli og fóru þau fram í Hlégarði í Mosfellsbæ. Þar naut ég aðstoðar Erlendar Arnar Fjeldsted fráfarandi svæðisstjóra Grettissvæðis og Péturs Jökuls Hákonarsonar kjössvæðisstjóra Sögusvæðis en þeir eru báðir félagar í Mosfelli.

Helgafell var með stjórnarskifti 1 okt og tók Gísli Valtýsson fyrveranedi svæðisstjóri að sér að sjá um þau í forföllum svæðisstjóra.

Í Ós voru stjórnarskifti 2 nóv og sáu Stefán B. Jónsson og Haukur Sveinbjörnsson fyrrverandi svæðisstjórar um þau í forföllum svæðisstjóra.

Í Eldfelli voru ekki formleg stjórnarskifti þar sem stjórnin sat áfram óbreytt en þetta er fyrsta heila starfsárið hjá klúbbnum.

Eins og fram kemur hér að framan hófst þetta starfsár með forföllum svæðisstjóra fyrst vegna veikinda og síðan vegna vinnuslyss en hann sagaði í þrjá fingur og þurfti að leggjast inn á sjúkrahús þess vegna.

Það hefur fjölgað á starfsárinu í Sögusvæði, Helgafell hefur tekið inn 8 nýja féлага og Ós tók inn 1 féлага.

Þann 12 nóv var haldinn svæðisstjórnarfundur á Hvolsvelli en vegna óhagstæðra samganga var fundurinn fluttur þangað, en hann átti að vera í Vestmannaeyjum 5. nóv. Ferð til Vestmannaeyja hefði tekið tvo daga.

Góðar umræður voru um starfsemi klúbbanna, sem kynnt var í skýrslunum. Framkvæmd K-dagsins kom til umræðu og þótti fundarmönnum vel hafa tekist til, en með þeirri undantekningu, að uppgjör ætti að fara fram innan hvers klúbbs, er sendi síðan lokauppgjör, þegar öll innheimta væri afgreidd, og í öðru lagi ætti að hafa sérstakan stafsmanntil viðbragðsstöðu til afgreiðslu á mesta álagstíma söludagana.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar
Sögusvæði



Margar hendur vinna létt verk

Svæðisstjóri vakti máls á þeim mikla ferðakostnaði, sem yrði, ef og þegar allir klúbbar sendu fulltrúa á svæðisráðsfundina. Akstur gæti numið 1250 til 2000 km, eftir því hvar fundirnir væru haldnir. Athugandi væri að koma á fjarfundahaldi. Áhugi var að prófa það en síst af öllu má þó sleppa því að koma saman á fundi. Því maður er manns gaman. Eftirfarandi tillögu lagði svæðisstjóri fram: „**Svæðisráðsfundur Sögu haldinn á Hvolsvelli 12. nóv. 2011 samþykkir að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir því að annar svæðisráðsfundur hvers starfsárs verði fjarfundur. Það verði prófað að halda næsta fund sem fjarfund og í framhaldi af því ákvörðun tekin um framhald**“. Tillagan samþykkt samhljóða.

Rætt var um framlag til útrýmingar stífkampa, sem Kiwanishreyfingin er að beita sér fyrir Þar sem óskað er eftir 2.000, kr framlagi úr styrktarsjóði á hvern féлага í þrjú ár. Almennt er jákvæð afstaða fundarmanna til málsins. Ölver og Eldfell hafa ekki tekið endanlega afstöðu til málsins.

Guðjón Pétur Jónsson frá Ós ræddi um atriði frá Umdæmisþinginu á Höfn, ábyrgð klúbbsins og framkvæmdaatriði. Gagnrýnin umræða er nauðsynleg varðandi Kiwanishreyfinguna og hvernig umdæmisstjórn og einstakir klúbbar vinna henni framgang, hver á sínum vettvangi og í samstarfi. Hvers vegna eru einstaklingar í þessu félagstarfi? Hann tilgreindi tvær ástæður, **það á að vera gaman að vinna í þessu og að láta gott af sér leiða** Þá taldi hann að **reglur um fyrirmyndarklúbb** næðu í sumum tilfellum ekki tilgangi sínum, vegna ólíkra aðstæðna hjá einstökum klúbbum. Þá er nauðsynlegt að Umdæmisstjóri hafi möguleika á nánari tengslum við einstaka klúbba. Fjármál hreyfingarinnar verður að endurskoða, eigi þessi starfsemi að haldast. Góður rómur var gerður að þessum atriðum í máli Guðjóns. Í framhaldi af því ræddi Jón Óskar Þórhallsson Eldfelli um „gengdarlausu gjaldtöku Kiwanishreyfingarinnar“ og hvaða áhrif það hefur á nýklúbba. Ástæða væri að veita þeim gjaldfria aðild 3-5 fyrstu árin, einnig saknaði hann þess að ekki var minnst einu orði á Eldfell á hápunkti Umdæmisþingsins á Höfn s.l. haust. Fleiri tóku til máls í þessum umræðum. **Þess er vænst að gagnrýnin umræða verði tekin fyrir á svæðisráðstefnum er skili sér síðan inn á fundi Umdæmisstjórnar, hreyfingunni til þroska og heilla.**

Ágúst Magnússon svæðisstjóri Sögusvæðis